

Lykiltölur fyrir Austur-Hérað -tillögur

Kristín Ágústsdóttir

Unnið fyrir Austur-Hérað

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	1
HVAÐ ERU LYKILTÖLUR?	1
LYKILTÖLUR FYRIR AUSTUR-HÉRAÐ	2
Tilgangur	2
Grunnstærðir sveitarfélagsins	2
Fjölskyldusamfélag	2
Atvinnumál	3
Starfsemi sveitarfélagsins	4
Skólasamfélag	4
Menningarsamfélag	5
Umhverfisvænt samfélag	5
VAL Á LYKILTÖLUM OG TÍÐNI ÞEIRRA	6
ÁBYRGÐ OG UMSJÓN MEÐ LYKILTÖLUM	6
BIRTING LYKILTALNA, TÚLKUN OG EFTIRFYLGNI	6
NEMENDAVERKEFNI – TILLÖGUR	6

Inngangur

Árið 2002 gerðu Austur-Hérað og Náttúrustofa Austurlands með sér samning um framkvæmd ákveðinna verkþátta Staðardagskrá 21 á Austur-Héraði. Samkvæmt samningnum var gert ráð fyrir að hlutverk Náttúrustofunnar væri að:

1. móta tillögur við framkvæmd SD21 í sveitarfélaginu og leiðir til kynningar á því
2. gera úttekt á stöðu atvinnulífs og samfélags m.t.t. stefnumörkunar um sjálfbæra þróun.
3. vinna markmiðssetningu fyrir atvinnulíf og samfélag í anda sjálfbærrar þróunar og skal þar byggja mest á lykiltölum og öðrum mælanlegum breytum þannig að hægt sé að fylgjast með þróun og kynna árangur verkefnisins.
4. vinna stöðumat og markmiðssetningu í atvinnu- og samfélagsgreinum sem væri forgangsraðað í tíma í samráði við STEFA nefndina. Niðurstöður þeirra markmiðssetninga verði kynntar hlutaðeigandi jafnóðum.
5. halda utan um faglegan hluta fræðslu- og kynningarmála varðandi Sd21 verkefnið. Í þessu felst að safna upplýsingum, jafnt innanlands sem utan og fræðslu efni um Sd21 sem komið geta að gagni.

Í framhaldi að úttekt á stöðu atvinnulífs og samfélags á Austur-Héraði sem lokið var við í mars 2004 (Kristín Ágústsdóttir og Magnús Björnsson 2004) eru hér lagðar til lykiltölur fyrir Austur-Hérað. Gerð grein fyrir þessum tillögum hér á eftir, rök færð fyrir vali á tölunum og hvernig skuli haldið utan um þær. Til viðbótar við lykiltölur er æskilegt að Austur-Hérað taki upp grænt bókhald til þess að fá yfirsýn og greina umhverfisáhrif í rekstri sveitarfélagsins.

Hvað eru lykiltölur?

Lykiltölur eru aðferð til að mæla framgang settra markmiða og verkefna. Þær eiga að segja til um okkur hvort ákveðnir þættir fara batnandi eða versnandi eða hvort ástandið er sambærilegt frá ári til árs. Til að lykiltölurnar beri tilætlaðan árangur eru nokkrir þættir sem þarf að hafa í huga.

1. **Stundvísi:** Lykiltölur þurfa birtist með reglulegum hætti, t.d. á sama tíma á eins árs fresti, tveggja ára fresti o.s.frv.
2. **Samfelldni:** Tryggja þarf stöðuga notkun sömu vísa en ekki hafa nýja vísa ár frá ári.
3. **Mikilvægi:** Velja á lykiltölur sem eru mikilvægar og skipta máli í starfi Staðardagskrár 21
4. **Sambærileiki:** Æskilegt er að tölurnar séu þannig að hægt sé að bera þær saman við önnur sveitarfélög, landshluta eða lönd
5. **Áreiðanleiki:** Mikilvægt er að gera treyst því sem lykiltölurnar segja.
6. **Upplýsingagildi og læsileiki:** Eitt mikilvægasta hlutverk lykiltalanna er að þær hafi upplýsingagildi. Þær eiga að vera þannig framsettar að þær séu læsilegar fyrir alla
7. **Stefnumótandi:** Lykiltölur eiga að hafa stefnumótandi gildi og þ.a.l. er mikilvægt að hægt sé að hafa áhrif á þróun þeirra.

Lykiltölur fyrir Austur-Hérað

Tilgangur

Tilgangur lykiltalna í Staðardagskrárstarfi á Austur-Hérað er að fá innsýn í ástand mála í sveitarfélaginu í stóru samhengi. Tölurnar eiga að vera nokkurs konar mælikvarða til þess að fylgjast með framþróun og árangri í málefnum tengdum Staðardagskrá 21 í sveitarfélaginu og eiga að nýtast í stefnumörkun og framkvæmdaáætlun til framtíðar í völdum málaflokkum. Tölurnar eiga m.a. að undirstrika sérstöðu Austur-Héraðs sem skólasamfélags, vistvæns samfélags, menningarsamfélags og fjölskyldusamfélags. Gert er að ráð fyrir að tölurnar birtist í ársskýrslu Austur-Héraðs, líkt og lykiltölur í rekstri sveitarfélagsins.

Grunnstærðir sveitarfélagsins

Grunnstærðir sveitarfélagsins eru notaðar til grundvallar mörgum öðrum lykiltölum.

Lykiltala	Upplýsingar	Birting	Ábyrgð
Grunnstærðir			
Íbúafjöldi	Hagstofa Íslands	Árlega	Félagsmálastjóri
Stærð sveitarfélagsins	Landmælingar Íslands	Við breytingar	Félagsmálastjóri

Stærð sveitarfélagsins breytist ekki svo ört og því þarf einungis að skoða þær þegar breytingar verða. t.d. við sameiningu.

Fjölskyldusamfélag

Austur-Hérað á að vera fyrirmyndarsamfélag fyrir fjölskyldur, eldri borgara, ungmenni og nýbúa. Þjónusta til handa þessum hópum á að vera til fyrirmyndar. Breytingar á þeim tölur sem hér eru lagðar til eiga að gefa til kynna hvort samfélagið er eftirsótt af þessum hópum samanborið við önnur sveitarfélög á landsbyggðinni og landið í heild.

Heilbrigði íbúa getur falist í mörgu. Lagt er til að á næstu árum verið árlega gerð könnun á einhverjum þætti sem snýr að heilbrigði íbúa, s.s. reykingar grunnskólabarna, vímuefnaneysla ungmenna, íþróttaiðkun eldri borgara o.fl.

Lykiltala	Upplýsingar	Birting	Ábyrgð
Fjölskyldusamfélag			
Fjölskyldumynstur	Hagstofa Íslands	Árlega	Félagsmálastjóri
Aldursdreifing	Hagstofa Íslands	Árlega	Félagsmálastjóri
Hlutfall eldri borga	Hagstofa Íslands	Árlega	Félagsmálastjóri
Hlutfall ungmenna	Hagstofa Íslands	Árlega	Félagsmálastjóri
Hlutfall nýbúa	Hagstofa Íslands	Árlega	Félagsmálastjóri
Heilbrigði íbúa	Margir	Árlega	Félagsmálastjóri

Félagsmálastjóri ber ábyrgð á að safna þessum upplýsingum og skila þeim frá sér á gagnsæu formi, m.a. er æskilegt að þessar tölur séu skoðaðar í samanburði við önnur sveitarfélög og landið í heild. Lagt er til að allar þessar tölur séu skoðaðar árlega.

Atvinnumál

Hvetjandi og frjótt umhverfi fyrir kröftug og öflugt atvinnulíf má reyna að mæla með því að fylgjast með fjölda nýrra fyrirtækja, skiptingu starfandi eftir atvinnugreinum, tekjum íbúa og atvinnuleysi og bera saman við önnur sveitarfélög, landshluta og Ísland allt.

Í landbúnaði á Austur-Héraði á að vera öflug og fjölbreytt framleiðsla og markaðssetning sem byggir á sjálfbærri landnýtingu. Gert er ráð fyrir að *Nytjaland – Jarðabók Íslands*¹ verði aðgengileg öllum vorið 2004 en þar er búið að flokka gróður Íslands í nokkra flokka. Með þeim upplýsingum er auðveldara að skipulegga sjálfbæra landnýtingu og sjá t.d. hversu mikið hlutfall af ræktuðu landi fer undir lífræna ræktun.

Fjöldi jarða í ábúð, landbúnaðarframleiðsla, fjöldi ferðapjónustubænda og fjöldi bænda/jarða sem lagðar eru undir orlofshúabyggð eru góðar tölur til að fylgjast með breytingum í landbúnaði.

Ferðapjónusta á að byggja á umhverfi og menningu, sérkennum svæðisins, góðum samgöngum og góðri þjónustu. Þó að einungis hluti ferðamanna sem fer um Austur-Hérað kaupir sér gistingu þar, gefa gistinætur engu að síður ágæta mynd af fjölda ferðamanna sem þangað kemur. Þá gefur fjöldi gististaða, frístundahúsa, ferðapjónustu- og orlofshúsbænda góða mynd af þróun í ferðapjónustu.

Lykiltala	Upplýsingar	Birting	Ábyrgð
Atvinnumál			
Fjöldi nýrra fyrirtækja	Hagstofa Íslands	Árlega	Bæjarstjóri
Fjöldi starfandi eftir atvinnugreinum	Hagstofa Íslands	Á 3. ára fresti	Bæjarstjóri
Meðaltekjur íbúa og launaþróun	Hagstofa Íslands	Árlega	Bæjarstjóri
Launamunur kynjanna	Hagstofa Íslands	Árlega	Bæjarstjóri
Atvinnuleysi	Vinnuálastofnun	Árlega	Bæjarstjóri
Landbúnaður			
Fjöldi jarða í ábúð og eyði	Hagþjónusta landbúnaðarins	Árlega	Bæjarstjóri
Framleiðsla	Búnaðarsamband Austurlands	Árlega	Bæjarstjóri
Lífræn ræktun, hlutfall af ræktuðu landi	Tún, Vallanes o.fl. Nytjaland	2. Hvert ár	Bæjarstjóri
Skógrækt			
Fjöldi gróðursettra trjáa	Héraðsskógar	Árlega	Bæjarstjóri
Stærð svæðis	Héraðsskógar	Árlega	Bæjarstjóri
Ferðapjónusta			
Heildarfjöldi gistinátt eftir teg. gististaða	Hagstofa Íslands	Árlega	Bæjarstjóri
Fjöldi gististaða	Hagstofa Íslands	Árlega	Bæjarstjóri
Fjöldi frístundahúsa	Hagstofa Íslands	Árlega	Bæjarstjóri
Fjöldi ferðapjónustubænda	Hagstofa Íslands	Árlega	Bæjarstjóri
„Orlofshúsbændur“	Hagstofa Íslands	Árlega	Bæjarstjóri
Lengd merktra gönguleiða	Ferðafélög o.fl.	Árlega	Bæjarstjóri

! FU= Forstöðumaður umhverfissviðs.

Bæjarstjóri er ábyrgur fyrir því að taka sama þessar tölur, enda ekkert svið innan Austur-Héraðs sem hefur sérstaklega með atvinnumál að gera. Gert er ráð fyrir að flestum þessara talna sé safnað árlega, nema fjölda starfandi eftir atvinnugreinum, enda ekki gert ráð fyrir stórfelldum breytingum þar á árlega.

¹ Á Rannsóknarstofnun landbúnaðarins er nú verið að leggja lokahönd á *Nytjaland*, sjá www.rala.is

Starfssemi sveitarfélagsins

Æskilegt er að sveitarfélagið taki upp grænt bókhald til að fá betri yfirsýn og greina umhverfisáhrif í rekstri þess. Lagt er til að fylgjast verði með orku- og efnisnotkun m.a. eftir stofnunum sveitarfélagsins. Einnig er lagt til að kynjaskipting meðal starfsmanna og í ráðum og nefndum sveitarfélagsins verði skoðuð.

Lykiltala	Upplýsingar	Birting	Ábyrgð
Starfssemi sveitarfélagsins			
Kynjaskipting í ráðum og nefndum	Bókhald Austur-Héraðs	Á 4. ára fresti	Bókari
Kynjaskipting starfsmanna sveitarfélagsins	Bókhald Austur-Héraðs	Á 2. ára fresti	Bókari
Orku- og efnisnotkun			
Pappírnotkun á hvern starfsmann stofnunar	Bókhald Austur-Héraðs	Árlega	Bókari
Eldsneytisnotkun á hvern starfsmann stofnunar	Bókhald Austur-Héraðs	Árlega	Bókari
Hlutfall dísel og bensínbifreiða	Bókhald Austur-Héraðs	Árlega	Bókari
Rafmagnsnotkun per rúmmál stofnunar	Bókhald Austur-Héraðs	Árlega	Bókari
Vatnsnotkun á hvern starfsmann stofnunar	Bókhald Austur-Héraðs	Árlega	Bókari

Bæjarstjóri og bæjarritari eru ábyrgir fyrir þessum þessum lykiltölum. Gert er ráð fyrir að orku- og efnisnotkun sé skoðuð árlega, en að kynjaskipting í ráðum og nefndum sé skoðuð í hvert sinn sem nýjar nefndir og ráð taka til starfa eftir sveitarstjórnarkosningar. Þá er gert ráð fyrir að kynjaskipting starfsmanna sé skoðuð annað hvert ár, eða sjaldnar ef starfsmannaskipti eru ekki tíð.

Skólasamfélag

Austur-Hérað á að vera þekkt fyrir mennta- og vísindastarfssemi. Grunnskólar sveitarfélagsins eiga að vera með því besta sem þekkist á landinu. Þá á að koma upp háskóla- og vísindasetri og auka tengsl við háskólana í landinu. Fjöldi nemenda á hverju skólastigi fyrir sig, hlutfall menntaðra kennara og virðisauki samræmdra prófa gefa einhverja hugmynd um hvernig staðan er í skólamállum á Austur-Héraði.

Lykiltala	Upplýsingar	Birting	Ábyrgð
Skólasamfélag			
Fjöldi leikskólabarna	Árbók sveitarfélaga	Árlega	FFM
Fjöldi leikskólabarna á biðlista á árinu	Leikskólastjórar	Árlega	FFM
Fjöldi grunnskólanema	Árbók sveitarfélaga	Árlega	FFM
Fjöldi framhaldsskólanema	Hagstofan	Árlega	FFM
Fjöldi háskólanema	Fræðslunet Austurlands	Árlega	FFM
Starfshlutfall kennara	Árbók sveitarfélaga	Árlega	FFM
Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi kennara	Árbók sveitarfélaga	Árlega	FFM
Hlutfall menntaðra leikskólakennara	Árbók sveitarfélaga	Árlega	FFM
Hlutfall menntaðra grunnskólakennara	Árbók sveitarfélaga	Árlega	FFM
Hlutfall menntaðra framhaldsskólakennara	Hagstofa Íslands	Árlega	FFM
Virðisauki samræmdra prófa	Námsmatsstofnun	Árlega	FFM

! FFM = Forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Ábyrgð á lykiltölum til að fylgjast með framgangi skólasamfélagsins hefur forstöðumaður fræðslu og menningarsviðs. Lagt er til að allar þessar tölur séu skoðaðar árlega.

Menningarsamfélag

Frjótt og öflugt menningarlíf á að vera eitt af kennileitum Austur-Héraðs. Með því að halda utan um fjölda menningarviðburða á ári og þátttakendum í slíkum viðburðum, bæði flytjendum og gestum er hægt að fylgjast með grósku menningarlífs.

Lykiltala	Upplýsingar	Birting	Ábyrgð
Menningarsamfélag			
Fjöldi menningarviðburða á ári	Viðkomandi	Árlega	FFM
Fjöldi þátttakenda í menningarviðburðum	Viðkomandi	Árlega	FFM
Flytjendur		Árlega	FFM
Áhorfendur, gestir		Árlega	FFM
Gestir á söfnum		Árlega	FFM

!FFM = Forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Þessi málaflokkur er hvað erfiðastur viðureignar, enda erfitt að afmarka og skilgreina hvað telst til menningarviðburða og hvað ekki. Lagt er til að forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs skilgreini hvað eigi að teljast til slíkra viðburða. Mikilvægt er að sú skilgreining sé vel ígrunduð í upphafi svo hægt sé með raunhæfum hætti að bera saman tölur á milli ára. Í framhaldi verði komið á vinnureglu þar sem jafnóðum er óskað eftir upplýsingum um þátttakendur og áhorfendur, gesti frá öllum þeim er standa fyrir menningarviðburðum. Slíkt ætti að vera einfalt í framkvæmd. Lagt er til að öllum tölum í þessum málaflokki verði safnað árlega.

Umhverfisvænt samfélag

Austur-Hérað á að hafa sterka ímynd og vera til fyrirmyndar í umhverfismálum. Nú þegar hefur Austur-Hérað sterka ímynd sem skógarsamfélag. Hægt er að undirstrika þá ímynd með tölu sem sýnir stærð skóga sem hlutfall af landi sveitarfélagsins samanborið við önnur sveitarfélög og/eða Ísland í heild sinni. Lagt er til að magn mismunandi flokka sorps sé tekið saman árlega og sett fram þannig að það sé samanburðarhæft við önnur sveitarfélög, landshluta og landið í heild. Lagt er til að fjöldi ökutækja á hverja 1000 íbúa sé skoðaður, einnig þátttaka í *Vistvernd í verki* og *Grænánanum*. Kolefnisbúskap getur verið áhugavert að fylgjast með eftir því sem þeirri aðferðafræði fleygir fram, enda ljóst að í þeim útreikningum kemur Austur-Hérað nokkuð vel út samanborið við landsmeðaltal.

Lykiltala	Upplýsingar	Birting	Ábyrgð
Umhverfisvænt samfélag			
Hlutfall skóga af landi	Héraðsskógar	á 2. ára fresti	FU
Líffræðilegur fjölbreytileiki	Ekki til	-	Bæjarstjóri
Sorp			
Magn heimilissorps (kg/íbúa)	Verktaki	Árlega	
Magn fyrirtækjasorps (kg/íbúa)	Verktaki	Árlega	
Spilliefnaskil (kg/ 1000 íbúa)	Verktaki	Árlega	Formaður stjórnar
Magn endurunn. og endurnotaðs úrg. (kg/íbúa)	Verktaki	Árlega	Sorpstöðvar Héraðs
Magn jarðgerðs úrgangs (kg/íbúa)	Verktaki	Árlega	
Kaldavatnsnotkun á hvern íbúa (l/íbúa)	Umhverfissvið	Árlega	FU
Heitavatnsnotkun á hvern íbúa (l/íbúa)	HEF	Árlega	FU
Hlutfall gallaðra neysluvatnssýna	HAUST	Árlega	FU
Ástand fráveita í þéttbýli og dreifbýli	HAUST & Umhv.svið	á 2. ára fresti	FU
Ástand náma	Vegagerðin	á 4. ára fresti	FU
Fjöldi ökutækja á 1000 íbúa	Hagstofa Íslands	Árlega	FU
Þátttaka í Vistvernd í verki	Landvernd	Árlega	FU
Þátttaka í Grænánanum	Landvernd	Árlega	FFM
Kolefnisbúskapur	Margir	á 2. ára fresti	FU

!HEF = Hitaveita Egilsstaða og Fella, FFM = Forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs

HAUST = Heilbrigðiseftirlit Austurlands FU = Forstöðumaður umhverfissviðs.

Flestar þær lykiltölur sem hér er lagt til að verði skoðaðar er æskilegt að skoða árlega. Á það við um magntölur um sorp, vatnsnotkun íbúa, fjölda ökutækja og þátttöku í *Vistvernd í verki* svo eitthvað sé nefnt. Lagt er til að sumar lykiltölur í þessum flokki séu skoðaðar

sjaldnar, enda um að ræða tölur sem líklegast taka ekki miklum breytingum á einu ári. Forstöðumaður umhverfissviðs er ábyrgur fyrir flestum þessum tölum, en formaður stjórnar Sorpstöðvar Héraðs er ábyrgur fyrir því er snýr að sorpi og forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs er ábyrgur fyrir því að fylgjast með þátttöku í *Grænánanaum*. Lagt er til að fylgst verði með líffræðilegum fjölbreytileika á Austur-Héraði en tölur um slíkt eru ekki til. Mögulega mætti sækja um slíkt verkefni í t.d. nýsköpunarsjóð námsmanna eða annan slíkan sjóð. Bæjarstjóri er ábyrgur fyrir þessari tölu.

Val á lykiltölum og tíðni þeirra

Hér er lagt hvaða lykiltölur skuli skoðaðar og hversu oft á að fylgjast með ákveðinni tölu. Tölurnar þurfa þó að vera sveiganlegar og mikilvægt er að þær breytist í samræmi við þróun í sveitarfélaginu og af fenginni reynslu. T.d. verður reynslan að leiða í ljós hvort að nauðsynlegt sé að skoða sumar tölur oftari eða sjaldnar en hér er lagt til. Einnig er líklegt að einhverjar tölur verði felldar út og aðrar teknar inn til að gefa betri mynd af þróun í sveitarfélaginu.

Ábyrgð og umsjón með lykiltölum

Í þessum tillögum að lykiltölum fyrir Austur-Hérað er gert ráð fyrir að ákveðnir starfsmenn beri ábyrgð á að vinna ákveðnar lykiltölur. Oftast eru ábyrgðarmenn lykiltalna forstöðumenn þeirra sviða sem lykiltölurnar tala til en stundum eru aðrir starfsmenn tilgreindir. T.d. er bæjarstjóri ábyrgur fyrir flestum tölum er snúa að atvinnulífi, einfaldlega vegna þess að engin embættismaður hefur það hlutverk að sinna atvinnulífinu öðrum fremur. Auðveldlega má fara aðra leið og kaupa þjónustuna frá öðrum aðilum, t.d. gæti Náttúrustofa Austurlands tekið að sér að safna þessum upplýsingum og skila á ákveðnum tíma árlega. Einnig er mögulegt að hægt sé að kaupa a.m.k hluta lykiltalnanna af Hagstofu Íslands, en mikið af tölunum koma þaðan.

Birting lykiltalna, túlkun og eftirfylgni

Eins og áður hefur komið fram er eitt af einkennum góðra lykiltalna að þær birtist reglulega, séu auðlæsar fyrir flesta og sýni þróun ákveðinna málaflokka. Mögulegt er að birta niðurstöður lykiltalna sem hluta af ársskýrslu Austur-Héraðs og að þær verði aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins. Mikilvægt er að tölur séu sýndar myndrænt og afstaða tekin til þróunar talnanna frá ári til árs og til lengri tíma. Meta skal hvort þróunin er jákvæð, neikvæð, í jafnvægi eða ekki vitað. Þá er æskilegt að þar sem þróun er neikvæð eða ekki er vitað um þróun verði gerðar tillögur að mótvægisáðgerðum sem miða að því að snúa þróuninni við eða bæta við þekkingu til þess að gera metið þróunina þar sem það á við. Dæmi um slíkt mat er að finna í töflu 1, bls. 7.

Nemendaverkefni – tillögur

Hér eru talin upp nokkur verkefni sem mögulega mætti vinna sem nemendakannanir í skólum á Austur-Héraði og taka svo inn sem hluta af lykiltölum.

1. Aldraðir: atvinnuþátttaka, þátttaka í félagsstarfi, íþróttum o.fl. þ.h.
2. Fjöldi íbúa AH sem nýtir sér útivistarsvæði sveitarfélagsins
3. Ferðamáti til vinnu/skóla
4. Tónskóli: hlutfall barna í hverjum árgangi sem stundar tónlistarnám
5. Tómsundur: Hlutfall barna/unglinga í árgangi sem stunda íþróttir eða eru þátttakendur í t.d. björgunarsveitum og öðru slíku.
6. Fjöldi fyrirtækja og stofnanna með umhverfisstefnu og/eða grænt bókhald og/eða viðurkennt innra eftirlit.
7. Hlutfall íbúa sem stunda reglubundna líkamsrækt

Tafla 1. Dæmi um túlkun lykiltalna

Lykiltala	Þróun*	Mögulegar mótvægisaðgerðir	Áhrifasvið
Grunnstærðir			
Íbúafjöldi	Jákvæð	Laða að nýja íbúa	Samfélag
Stærð sveitarfélagsins	Í jafnvægi		
Fjölskyldusamfélag			
Fjölskyldumynstur	Ekki vitað	Skoða betur	Samfélag
Aldursdreifing	Ekki vitað	Skoða betur	
Hlutfall eldri borgar		þarf að bæta þjónustu við aldraða?	Samfélag
Hlutfall ungmenna		þarf að bæta þjónustu við ungmenni?	Samfélag
Hlutfall nýbúa	Ekki vitað	þarf að bæta þjónustu við nýbúa?	Samfélag
Heilbrigði íbúa	Ekki vitað	Skoða betur	Samfélag
Atvinnumál			
Fjöldi nýrra fyrirtækja	Jákvæð	Skapa aðlaðandi umhverfi fyrir ný fyrirtæki	Atvinnulíf
Fjöldi starfandi eftir atvinnugreinum	Ekki vitað	Skoða betur	Atvinnulíf
Landbúnaður			
Fjöldi jarða í ábúð og eyði	Neikvæð	Nýsköpun í landbúnaði	Atvinnulíf
Framleiðsla	Neikvæð	Nýsköpun í landbúnaði	Atvinnulíf
Lífræn ræktun, hlutfall af ræktuðu landi	Jákvæð		Atvinnulíf og umhverfi
Skógrækt			
Fjöldi gróðursettra trjáa	Jákvæð		Atvinnulíf og umhverfi
Stærð svæðis	Jákvæð		Atvinnulíf og umhverfi
Ferðaðþjónusta			
Heildarfjöldi gistin. eftir teg. gististaða	Jákvæð		Atvinnulíf
Fjöldi gististaða	Jákvæð		Atvinnulíf
Fjöldi frístundahúsa	Jákvæð		Atvinnulíf
Fjöldi ferðaðþjónustubænda	Jákvæð		Atvinnulíf
„Orlofshúsabændur“	Ekki vitað	Skoða betur	Atvinnulíf
Starfssemi sveitarfélagsins			
Kynjaskipping í ráðum og nefndum	Neikvæð	Auka hlut kvenna	Samfélag
Kynjaskipting starfsmann sveitarfélagsins	Neikvæð	Auka hlut kvenna	Samfélag
Orku- og efnisnotkun			
Pappírnotkun	Ekki vitað	Skoða betur	Umhverfi
Eldsneytisnotkun	Ekki vitað	Skoða betur	Umhverfi
Hlutfall dísel og bensínbífreidda	Ekki vitað	Skoða betur	Umhverfi
Rafmagnsnotkun	Ekki vitað	Skoða betur	Umhverfi
Vatnsnotkun	Ekki vitað	Skoða betur	Umhverfi
Skólasamfélag			
Fjöldi leikskólabarna	Jákvæð		Samfélag
Fjöldi leikskólabarna á biðlista á árinu	Neikvæð?	Fjölga leikskólaplássum	Samfélag
Fjöldi grunnskólanema	Jákvæð		Samfélag
Fjöldi framhaldsskólanema	Jákvæð		Samfélag
Fjöldi háskólanema	Jákvæð		Samfélag
Starfshlutfall kennara	Ekki vitað	Skoða betur	Samfélag
Hlutfall menntaðra leikskólakennara	Jákvæð		Samfélag
Hlutfall menntaðra grunnskólakennara	Jákvæð		Samfélag
Hlutfall menntaðra framhaldsskólakennara	Jákvæð		Samfélag
Virðisauki samræmdra prófa	Ekki vitað	Skoða betur	Samfélag
Meningarsamfélag			
Fjöldi menningarviðburða á ári	Jákvæð		Samfélag
Fjöldi þátttakenda í menningarviðburðum			Samfélag
Flytjendur	Jákvæð		Samfélag
Áhorfendur, gesti	Jákvæð		Samfélag
Gestir á söfnum	Jákvæð		Samfélag
Umhverfisvænt samfélag			
Hlutfall skóga af landi	Jákvæð		Umhverfi - Kolefnisbúskapur
Líffræðilegur fjölbreytileiki	Ekki vitað	Skoða betur	Umhverfi - Kolefnisbúskapur
Sorp			
Magn heimilissorps (kg/íbúa)	Neikvæð	Hagræn hvatning til að draga úr magni	Umhverfi-auðlindanotkun
Magn fyrirtækjasorps (kg/íbúa)	Neikvæð	Hagræn hvatning til að draga úr magni	Umhverfi-auðlindanotkun
Spilliefnaskil (kg/ 1000 íbúa)	Ekki vitað	Skoða betur	Umhverfi-auðlindanotkun
Magn endurun. og endurnotaðs úrg. (kg/íbúa)	Ekki vitað	Skoða betur	Umhverfi-auðlindanotkun
Kaldavatnsnotkun á hvern íbúa (l/íbúa)	Ekki vitað	Skoða betur	Umhverfi-auðlindanotkun
Heitavatnsnotkun á hvern íbúa (l/íbúa)	Ekki vitað	Skoða betur	Umhverfi-auðlindanotkun
Hlutfall gallaðra neysluvatnssýna	Ekki vitað	Skoða betur	Umhverfi-mengun
Ástand fráveita í þéttbýli og dreifbýli	Jákvæð		Umhverfi-mengun
Ástand náma	Jákvæð		Umhverfi - auðlindanotkun
Fjöldi ökutækja á 1000 íbúa	Neikvæð	Hjóláttak meðal íbúa	Umhverfi-mengun og auðlindanotkun
Þátttaka í Vistvernd í verki	Jákvæð		Umhverfi-mengun og auðlindanotkun
Þátttaka í Grænfánanaum	Jákvæð		Umhverfisfræðs og auðlindanotkun
Kolefnisbúskapur	Jákvæð		Umhverfi-mengun

*Þróun mælikvarða metin í fjóra flokka: Jákvæð, neikvæð, í jafnvægi, ekki vitað.